

Nr. 22 - 037 S 029 Rán SH 307***Eldur í stýrishúsi***

Skipaskr.nr. 2243
Útgerð: Oliver ehf.
Smíðaður: Mótun, 1995, trefjaplast.
Stærð: 14,94 BT
Mesta lengd: 11,98 m Skráð lengd: 11,94 m
Breidd: 3,38 m Dýpt: 1,22 m
Vél: Cummins, 187 kW, 2005.
Fjöldi skipverja: 3



Rán © Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. maí 2022 var Rán SH 307 við bryggju í Ólafsvík.

Rán SH var búin að vera við bryggjuna í fimm daga þegar upp kom eldur í stýrishúsi bátsins. Skipverji á bátnum Stormi SH 33, sem lá utan á Rán, varð var við eldinn og náði að slökkva hann áður en hann náði að breiðast út. Skemmdur urðu á rafkerfi bátsins.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Báturinn var landtengdur.
- Eldsupptök voru í 220V fjöltengi sem var staðsett í litlu rými niður á milli við endann á efri koju stjórnborðsmegin í bátnum.



Myndirnar sýna fjöltengið sem brann

- Í fjöltenginu, sem var fyrir fimm notendur, var annað fjöltengi en í því voru tveir spennar fyrir rafmagnstæki.
- Báturinn hafði verið í eigu sama eiganda í tvö ár og fjöltengið hafði ekki verið endurnýjað á þeim tíma.
- Rafmagnstækin sem voru í notkun í landlegu á 220V voru tvær tölvur, þrír tölvuskjáiir, ísskápur og þrír rafmagnsofnar. Rafmagnsofnarnir voru aðeins í notkun þegar báturinn var landtengdur og beintengdir inn á landrafmagnið í 220V töflu.
- Spennubreytir (inverter) 24/220V var ekki í notkun þegar landrafmagn var tengt við bátinn.

Nefndarálit:

Orsök brunans var gamalt og yfirlestað fjöltengi.